

**stýr-a** *so. vb.-i – heyra*  
[-ði]

– hún stýrði bátnum

‡ • stjórna, stjórn, ríkisstjórn; stjóri: bíl-, borgar-,  
for-, skip-; stýri » stefna (so)

**þorn-a** *so. vb.-a – kalla*  
[-aði]

– þvotturinn þornar á snúrunni

‡ • þurrka, þurr

**brotn-a** *so. vb.-a – kalla*  
[-aði]

– glasið brotnar ef þú missir það í  
gólfið

‡ • brjóta, brot

**kóln-a** *so. vb.-a – kalla*  
[-aði]

– það er farið að kólna í veðri

‡

**þok-a** *kvk. – stofa*  
[-u, -ur]

– mikil þoka var á heiðinni

‡

**æf-a** *so. vb.-i – heyra*  
[-ði]

– þú átt að æfa sagnirnar

‡

**ró-a** *so. vb.-a – kalla*  
[-aði]

– ég reyndi að róa hann

‡ • rólegur » stilla, sætta

**hljóð-a** *so. vb.-a – kalla*  
[-aði]

– hún hljóðaði af sársauka

‡ • hljóð, hljóður, hljóðfæri

**eldgos** *hk. – hús*  
[-s, -]

– 1973 hófst eldgos í  
Vestmannaeyjum

‡

**fangelsi** *hk. – hús*  
[-s, -]

– þú getur lent í fangelsi

‡ • fang, heimilisfang, ástfanginn

**póstur** *kk. – hestur*  
[-s, -ar]

– fékk ég póst?

‡ • pósthús

**vettling-ur** *kk. – hestur*  
[-s, -ar]

– þú þarft vettlinga í kuldanum

‡ vettlingur

**forsíða** *kvk. – stofa*  
[-u, -ur]

– myndin var á forsíðu  
dagblaðsins

‡ • síða, blaðsíða

**páskar** *kk. ft. – tími*

– við ætlum á skíði um páskana

‡

**per-a** *kvk. – stofa*  
[-u, -ur]

– eru gulu perurnar sætari en þær  
grænu?  
– peran er sprungin

**barnabarn** *hk. – hús Ö*  
[-s, barnabörn]

– hann á mörg barnabörn

• barn